

ERINDISBRÉF**fyrir leiðsögukennara.****1. gr.**

Sérhver kennari á grunnskólastigi settur eða stundakennari í a. m. k. $\frac{2}{3}$ starfs, skal fyrsta kennsluár sitt eiga vól á leiðsögu sér reyndari kennara, leiðsögukennara, sem hefur full kennararéttindi. Um skipan þeirra mála skal styðjast við eftirfarandi meginreglur:

- a) Við grunnskóla sem hefur fleiri en 5 kennara setta og skipaða, að skólustjóra meðtöldum, felur fræðslustjóri, að fengnu umboði fræðsluráðs og tillögum skólustjóra, einum eða fleiri af föstum kennurum sem fyrir eru við skólann að annast leiðsögu nýliða í kennslustarfi. Sjá þó c-lið hér að neðan.
- b) Við grunnskóla þar sem um er að ræða færri kennara en um getur í a-lið gegnir skólustjóri sjálfur leiðsögustarfinu. Þó getur fræðslustjóri í umboði fræðsluráðs vikið frá þeirri meginreglu enda komi sérstakar aðstæður til.
- c) Sé nýliði í kennslustarfi skólustjóri við grunnskóla, sem ekki hefur fleiri kennara, setta eða skipaða, eða ef svo háttar til að skólustjóri og allir aðrir kennarar við sama grunnskólann eru byrjendur í starfi eða án kennararéttinda, skal fræðslustjóri í umboði fræðsluráðs fá þeim til leiðsögu reyndan skólustjóra eða kennara frá nálægum grunnskóla(-um).

2. gr.

Við val leiðsögukennara skal jafnan höfð hliðsjón af menntun hans, reynslu og hæfni í kennslustarfi.

Leiðsögukennari skal að jafnaði ekki hafa fleiri en þrjú nýliða í senn í sinni umsjá. Skal leiðsögukennara ætluð vikulega hálf til hálf önnur klukkustund til þessara starfa fyrir hvern nýliða. Fræðslustjóri ákvarðar tímafjölda í hverju einstöku tilviki og skal við það m. a. hafa hliðsjón af undirbúningi og kennslufræðilegri menntun nýliðans og af kennsluáðstæðum á hverjum stað.

3. gr.

Leiðsögukennari er ráðgjafi hins nýja kennara um það er snertir skólastarfið í framkvæmd. Hann skal m. a. kynna honum kennsluhætti í skólanum, kennsluáðstöðu í skólahúsinu, svo og þau tæki er kennarar skólans hafa aðgang að í starfi sínu.

Leiðsögukennari fylgist með hversu nýliða gengur að halda uppi reglu í kennslustarfi. Verði hann var við misbrest þar á skal hann leitast við að hjálpa honum að ráða bót á því. Á sama hátt kynnir leiðsögukennari nýliða kennsluhætti, svo sem hann hefur tök á og telur nauðsynlegt, liðsinnir honum varðandi samstarf við foreldra og upplýsir, ef þörf er á, um gildandi lög, reglur og námsskrá sem fara ber eftir í starfi grunnskóla.

Leiðsögukennari skal haga svo leiðsögu sinni að hinum nýja kennara vaxi eðlilegt sjálfstraust samfara þjálfun í starfi.

Leiðsögukennari starfar, þar sem svo hagar til, í nánú samráði við skólustjóra, en við fræðslustjóra þar sem aðstæður eru svo sem um getur í c-lið 1. greinar.

4. gr.

Leiðsögukennari skal háður fullkominni trúnaðarskyldu gagnvart þeim einkamálum skjólstæðings síns sem hann kann að komast að í starfi sínu.

5. gr.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 5. tölulið 12. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, og tekur gildi 1. september 1978.

Menntamálaráðuneytið, 9. desember 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

**um heimavistir grunnskóla og starfsmannafund í heimavistar-
og heimanakstursskólum.**

I. KAFLI**Heimavistir.**

1. gr.

Til umsjónarstarfa í heimavistum grunnskóla telst allt eftirlit með nemendum utan kennslutíma svo sem í heimavist, í borðsal, í útivist, í lestímum og við félagsstörf.

2. gr.

Skólastjóri skal gera áætlun um gæslustörf fyrir byrjun hvers skólaárs Fari áætlun fram úr gildandi reglum um greiðslur ríkissjóðs þarf skriflegt samþykki skólanefndar og sveitarstjórnar.

3. gr.

Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda vera í höndum kennara, fóstara eða annarra starfsmanna með uppeldismentun eða starfshæfni sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Skólastjóri ræður starfslið til gæslu að fengnu samþykki sveitarstjórnar eða skólanefndar í umboði hennar.

4. gr.

Gæslufólk skal leitast við að veita nemendum hliðstæða umhyggju og vernd og þeir njóta á heimilum sínum. Gæslufólk skal halda uppi jákvæðum aga, hvetja nemendur og leiðbeina þeim um góða umgengi, reglusemi og háttvísi.

5. gr.

Í öllum heimavistarskólum skal aðbúnaður vera þannig að nemendur geti notið sem best hvíldar og næðis utan skólatíma. Einnig sé góð aðstaða til tómtunda- og félagsstarfa. Ennfremur skal þess gætt að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavistar.

6. gr.

Dvöl í heimavist skal vera eins stutt og mögulegt er án þess að námið skerðist af þeim sökum, svo að tengsl barnanna við heimili þeirra rofni sem minnst. Æskilegt er að nemendur séu ekki lengur en 4 nætur að heiman í senn, nema 6 daga skólavika sé talin nauðsynleg, þá 5 nætur.